

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Náttúruleg hráefni

Engin transfita



Større flak,
bedre smak!

Sproere flak,
bedre smak!

Fagnaðu Eurovision
með Maarud!

Greta Salóme fæddist árið 1986, sem var einmitt árið sem Íslendingar tóku fyrst þátt í Eurovision.



MATTI MATT Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 240975.
Uppáhaldsframlag Íslands til Eurovision fyrir Coming Home: Maður leitar einhvern veginn alltaf í Ninuna.
Uppáhalds erlenda Eurovision-lag frá upphafi: Gente di mare.
Uppáhaldslag í ár: Kuula frá Eistlandi.
Mín spá fyrir gengi Íslands: Topp fimm, jafnvel alla leið.

Byrjaður að æfa „12 points go to Sweden!“

Eurovision-farinn fyrrverandi **Matti Matt** verður í nýju hlutverki á laugardaginn þegar hann kynsir stig Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

„Ég hef mestar áhyggjur af því hvað ég er rólegur yfir þessu, en þetta leggst mjög vel í mig og ég hlakka gríðarlega til að gera þetta,“ segir söngvarinn Matthías Matthíasson, betur þekktur sem Matti Matt. Á laugardaginn næstkomandi fellur það í hans hlut að kynna stig íslensku þjóðarinnar fyrir allri Evrópubyggð í beinni sjónvarpsútsendingu. Undanfarið ár hefur umrætt hlutverk verið í höndum stórglæsilegra sjónvarpskvemma á borð við Ragnhildi Steinunni og Þóru Tómasdóttur, en Matti segist hvergi banginn við að feta í þeirra fótspor. „Ég ætla svo sem ekki að reyna að feta í fótspor neins heldur bara gera þetta eins og ég geri þetta og reyna að hafa gaman af þessu.“ Það er þekkt innan Eurovision að stigakynnar reyni að stela senunni með því að nýta sínar fimm mínútur í að lauma einhverjum bröndurum að Evrópubúum. Hefur Matti einhver áform um slíkt? „Það sem maður þolir síst af

öllu þegar maður horfir á Eurovision er þegar þessir kynnar reyna að vera myndir þannig að sjálfsgöðu ætla ég ekki að vera sú týpa (hlær). Ég ætla auðvitað að vera léttur og skemmtilegur en ég hyggst ekki segja brandara.“

Ætlar ekki að reyna við frönskuna

Matti fylgdist grannt með gangi mála í undankeppninni í fyrradag og ennfremur hefur hann setið í Eurovision-spekingastól á sjónvarpskjánum í vetur í þáttunum Alla leið, þar sem framlög allra landa til keppinnar hafa verið grannskoðuð. Að eigin sögn var hann mjög hrifnir af frammistöðu Gretu Salóme og Jónsa. „Við hittumst nokkrir félagar sem vorum saman í Hárinu í fyrra og horfðum á Voffa okkar, Pétur Örn, standa sig vel á sviðinu. Mér fannst frammistaðan hjá okkar fólki stórkostleg, þau voru frábær svo ég er auðvitað bara þokkalega bjartsýnn.“

Ásamt því að setja upp Eurovision-spekingsgleraugun í vor var Matti einn af Vinum Sjonna sem stigu á stökk í Eurovision fyrir hönd Íslendinga í fyrra, svo það er líklega óhætt að fullyrða að keppnin hafi skipað stóran sess hjá honum undanfarið ár. „Þetta hefur verið norðaár hjá mér í þessum efnunum og þá spilar þátttökan í fyrra auðvitað líka inn í. Þá kynntist maður keppninni á nýjum forsendum sem keppandi og það opnaði augu manns betur fyrir því hvað þetta er skemmtilegt fyrirbæri,“ segir fyrrverandi Eurovision-farinn, en hverjum spáir hann tólf stigum frá Íslendingum? „Ég held að Svíar fái tólf stig frá Íslandi, það er nánast fyrir fram ákveðið. Ég er meira að segja byrjaður að æfa mig að segja: „And our twelve points go to, Sweden!“ Ég hugsa að ég sleppi því hins vegar að segja það á frönsku.“

elg

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

SÓFAAFSLÖPPUN

Kvikmyndin **The Artist** er komin á flestar myndbanda-leigur landsins en myndin var, eins og mörgum er kunnugt um, fyrsta franska myndin til að vinna Óskarsverðlaunin sem besta myndin. Þrátt fyrir að vera svo til alveg hljóðlaus þá heldur hún athygli manns allan tímann enda ná karakterarnir með svipbrigðum sínum og líkamstjáningu að hrífa áhorfandann með sér.



SÓFASTUÐ

Monitor er ekki að finna upp hjólið þegar mælt er með góðu **Eurovision-partíi**. En það er engu að síður orðin sigild hefð hjá Íslendingum að sameinast í heimahúsi með snakk og ídýfu og giska á það hver standi uppi sem sigurvegari. Svei mér þá er Ísland tekur þetta ekki bara í ár.



SÓ FAR SÓ GÚÐ

Stjörnu- og Skagarmönnum hefur gengið vel það sem af er **Íslandsmótsins í knattspyrnu** en þessi lið mætast í kvöld í Garðabænum. Þeir sem hafa áhuga á fótbolta ættu ekki að láta þennan leik framhjá sér fara því Skagi hefur unnið alla sína leiki hingað til og Stjarnan hefur boðið upp á skemmtilegan sóknarbolta eins og svo oft áður.



Vikan á facebook



Greta Salóme

Very happy with tonight's results. Next step, get some sleep. Preparations for the final start tomorrow morning :) #eurovision

22. maí kl. 22:40



Erna Dis Schweitz Eriksdóttir

Var að vinna mína fyrstu jóðkeppni :D Vonandi ekki sú síðasta!

22. maí kl. 9:29



Halldór Halldórsson

Bráðvantar myndir á hverjirvoruhvar - djamm myndir - hipsterar með byssuleyfi - hipsterar að grilla - hipsterar að hipsterast - wipsterar - sipsterar - gifsterar you name it - dorida@fiton.is

22. maí kl. 9:20



Antoine Fons

NYC = alltof mikið af Antoinette-um ... alltof mikil samkeppni... I better step my game up!

18. maí kl. 15:59



Hemmi Gunn

Styttist odum í heimferð, en herna losadi hitinn 44 gradur í morgun, en thad besta vid thetta allt, er ad thad er skollid a biliduvedur heima. Svo er bara ad njota sumarsins med stael.

21. maí kl. 2:55

FEITAST Í BLAÐINU

4 Strákarnir í **Tilbury** voru að senda frá sér plötu og spila á Nasa í kvöld.



6 Það styttist í **Hróarskeldu** og ef lánið leikur við þig gætir þú farið þangað frítt.



8 Í nótt var sigurvegarinn í **American Idol** krýndur og leit Monitor yfir farinn veg.



11 Mundi-er afar hæfileikaríkur drengur sem varð óvart fatahönnuður.



Efst í huga Monitor

Fullkomið kurteisishjal

Stundum getur það verið ótrúlega erfitt að standa sig vel í kurteisishjali. Maður á það til að vera alveg úti á þekju og muna ekkert hvar einhver einstaklingur er staddur í lífinu almennt þó maður ætti að vera með það allt á hreinu. Auðvitað er þetta persónubundið því sumir virðast fæðast með þann hæfileika að vera góðir mannþekj- arar, muna öll nöfn, andlit og hvað hver og einn er að fást við á meðan að aðrir þekkja varla móður sína í sjón.

Ég var alltaf ágætur í því að tengja saman nöfn og andlit á fólki en eftir því sem árunum fjölgar þeim mun erfiðari verður sú kúnt þvi að það safnast alltaf fleiri og fleiri andlit í bankann. Í dag er ég í raun ennþá góður í því að muna andlitin en það tekur mig lengri tíma að tengja rétta nafnið við hvert og eitt fés. Það má vel vera að samskiptatæknin hafi þessi áhrif á mann, maður treystir orðið svo mikið á símann sinn eða Fésbókina og finnst vart taka því að leggja svona hluti á minnið. Að sama skapi þá finnur maður fyrir meiri pressu í hinu dags daglega lífi því maður ætti að vera með allt á hreinu varðandi allt og alla af því að upplýsingaöflunin á að vera leikur einn á tímum internetsins.

En tilfinningin sem fylgir því að standa sig vel í kurteisishjalinu (e. small talk) er ótrúlega góð. Í mínum huga snýst hið fullkomna hjal um rétta blöndu af lengd samtals, tali um sjálfan sig, tali um viðmælandann og hæfilegan hressleika. Lengdin fer auðvitað eftir tilfinningu. Þegar maður finnur það á sér að maður sé að verða uppiskroppa með spurningar þá er fint að leiða samtalið inn í einhver lokaorð. Það eru allir fegnir því að þurfa ekki að lenda í einhverri óþægilegri þögn með einhverjum sem þú þekkir ekkert svo vel. Það er líka rosalega sterkur leikur þegar maður getur sýnt það í spurningunum til viðmælandans að maður hafi einhverja hugmynd um hvað hann sé að stússa í lífinu og svo er ágætt að geta súmmerað upp sjálfan sig á stuttan og skörinortan hátt án þess að gera viðmælandann þreyttan. Hvað varðar hressleikann þá gengur auðvitað ekki að vera of hress því þá virkar maður bara stressaður en það skiptir auðvitað máli að brosa smá og láta eins og þér líði vel að hitta viðkomandi. Svo er það náttúrulega snilld ef maður nær að henda inn einum góðum brandara svona rétt undir lokin. Þannig stendur viðmælandinn eftir og hugsar: „Mikið er alltaf gaman að hitta þennan einstakling.“ Nei, bara þæling.

Ljúfar stundir, Jónsson

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)

Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

Fer að dansa ef þetta



TILBURY

Meðlimir: Þormóður Dagsson: Söngur og gítar. Kristinn Evertsson: Hljóðgervlar og hljómborð. Örn Eldjárn: Gítar og bakraddir. Magnús Trygvason Eliassen: Trommur. Guðmundur Óskar Guðmundsson: Bassi.
Stofnuð: Haustið 2010.
Fyrsta lag: Tenderloin.
Fyrsta plata: Exorcise.
Draumatónleikastaður: Madison Square Garden í New York.
Næstu tónleikar: Í kvöld á NASA.



Komdu í Vodafone 250 og lækkaðu símreikninginn

250 MIN	250 SMS	100 MB
------------	------------	-----------

**2.980 kr.
á mánuði**

Vodafone 250 – vinsælasta farsímaáskriftin*

Þú borgar aðeins 2.980 krónur á mánuði og færð 250 mínútur, 250 sms og 100 MB gagnamagn. **Virði pakkans er allt að 9.000 krónum.** Fáðu þér áskrift og breyttu þér úr snjallsímaeiganda í snjallsímanotanda.

Þín ánægja er okkar markmið

*há Vodafone, sjá vodafone.is

klikkar



LÍKLEGA YNGIR EINSTAKLINGURINN LENGST TIL HÆGRÍ
Á ÞESSARI MYND MEÐALALDUR BANDSINS TÖLUVERT

Mynd: Stymir

Pormóður Dagsson fór fyrst einn af stað í tónlistarverkefnið sem nú er þekkt sem **Tilbury**. Þegar hann fékk draumameðspilarana sína með sér í lið fann hann rétta hljóminn.

Hvenær og hvernig varð hljómsveitin til?

Hún varð til fyrir svona einu og hálfu ári síðan. Þá hóf ég sóló-verkefni með sjálfum mér þar sem ég kallaði mig Formaður Dagsbrúnar en síðan ætlaði ég að fara að taka þetta upp og ég fékk til liðs við mig nokkra drengi og þetta varð bara til á fyrstu æfingu. Þá kom nákvæmlega það sem mér fannst vanta í þetta sóló-verkefni, einhver ákveðinn heildarhljómur sem gerði þetta allt áhugaverðara.

Fékkst þú sjálfur nóg af því að vera trommuleikari?

Svona að einhverju leyti. Ég var búinn að trommast ansi mikið og ég var svolítið kominn með leið á því af því að ég var heldur ekkert neitt góður trommari, þetta var bara einhver staða sem ég var kominn í, að vera að tromma ógeðslega mikið en ekki neitt vel. Ég hef alltaf haft áhuga á tónlist og vil taka þátt í henni en mig langaði að prófa eitthvað annað og sjá hvort ég væri ánægðari þar.

Og ertu ánægðari þar?

Svona til að byrja með, alla vega. Þangað til ég fæ leið á þessu. Ætli maður fari ekki bara að dansa eða eitthvað ef þetta klikkar.

Hvaðan kemur þetta nafn, Tilbury?

Þetta er titillinn á skáldsögu eftir frænda minn, Þórarinn Eldjárn. Seinna var gerð samnefnd mynd eftir sögunni og í myndbandi við lagið okkar notum við einmitt klippur úr henni. Ég sá þessa mynd þegar ég var litill krakki og hún hefur sótt á mig síðan. Ég hélt alltaf að þetta væri martröð sem ég hefði

búið til í hausnum á mér. Svo sá ég þessa mynd löngu seinna og áttaði mig á þetta væri mynd en ekki bara martraðir sem skældu mig sem lítið barn.

Það eru margar hetjur í bandinu og hafa menn spilað með hljómsveitum á borð við Hjaltalín, Valdimar, Moses Hightower og Jeff Who. Hjálpar það til við lagasmíðar að hafa svona breiðan bakgrunn?

Það gerir það, alla vega í þessu tilfelli. Þessi heildarhljómur er svolítið dýnamískur einmitt út af þessu. Það eru allir að koma með eitthvað úr sínum áttum. Þessi samsetning var ófyrirsjáanleg en afskaplega ánægjuleg. Mér fannst skemmtilegt hvernig þetta kom allt saman.

Þurftu þeir að mæta með ferilskrána til þín til að fá inngöngu?

Ég nýt góðs af því að hafa verið í svolitinn tíma í tónlistarsenunni. Þetta er náttúrulega svo lítið land og maður kemst ekki hjá því að spjalla við þessa drengi á einhverjum tímamarki. En þetta var þannig að Magnús hefur alltaf verið minn uppáhaldstrommari á Íslandi og það sama gildir um Guðmund Óskar, bassaleikara. Þannig að þetta var vel valið.

Þú varst að setja saman þitt draumaband?

Já, ég náði því og er afskaplega ánægður með það.

Þið nefnið margar íslenskar hljómsveitir á nafn þegar talað er um áhrifavalda. Sækið þið innblásturinn einhvers staðar annars staðar líka?

Ég er með pianó heima og þegar

maður er kannski þunnur; tilfinninganæmur og hrifnæmur þá koma oft skemmtilegar laglínur.

Lá það beint við að fá bróður þinn, Hugleik Dagsson, til að myndskreyta plötuumslagið?

Já, hann var alltaf með mér þegar ég var að kasta fram hugmyndum um þetta band, hugmyndum um nafnið, einhvers konar útlit og hugmyndafræðinni í kringum þetta allt saman. Hann hafði skoðanir á því hvað gengi upp og hvað ekki svo það lá beinast við að leita í hans viskubrunn og listkunáttu.

Í kvöld spilið þið svo á Nasa á Reykjavík Music Mess. Við hverju má búast af ykkur þar?

Við vorum ekkert búnir að spila sem band áður en platan kom út. Nú erum við búnir að spila nokkra tónleika og ég held að þetta nái ákveðnum hápunkti í kvöld. Þá verðum við búnir að spila okkur fullkomlega saman og verðum eins góðir og við viljum verða.

Platan hefur fengið frábæra dóma og lagið ykkar Tenderloin er á topp 10 á Rás 2. Getið þið ekki bara hætt núna? Eða hvað ber framtíðin í skauti sér?

Það væri gaman að ná laginu í efsta sæti. Þar sem þessi plata tók svolítið langan tíma í vinnslu þá veit ég að ferlið við þá næstu verður ekki eins langt og því held ég að við reynum fljótlega að fara að huga að annarri plötu. Við ætlum líka að vera duglegir að spila í sumar, svo er náttúrulega Airwaves og einhver svoléiðis gleði framundan. Svo það er bara tilhlökkun yfir þessu öllu saman.



HVÍTA HÚSÍÐI/SÍA

HTC ONE X
Gefðu gítarhetjuni lausan tauminn með My Guitar appinu



BRUCE SPRINGSTEEN & THE E STREET BAND

Uppruni: New Jersey, Bandaríkin.
Starfandi frá: 1969.

f 186.904
t 2.299.197



BON IVER

Uppruni: Eur Claire, Bandaríkin.
Starfandi frá: 2006.

f 1.195.314
t 244.271



Hróaðu þig niður hvað þetta er gott!

Rokkhátíðin Roskilde Festival fer fram 5.–8. júlí næstkomandi. Monitor stendur fyrir leik í sameiningu við hátíðina þar sem vinna má ferð fyrir tvo á hátíðina.

MAC MILLER

Uppruni: Pittsburgh, Bandaríkin.
Starfandi frá: 2007.

Dú ættir að þekkja hann vegna þess að... hann er sennilega einn efnilegasti rappari heims en fyrsta hljóðversbreiðskífa hans kom út í nóvember síðastliðnum, þegar Miller var enn aðeins níttján ára.

Ekki missa af honum vegna þess að... lagið Knock Knock er stemnings- og samsöngslag dauðans.

Ein handahófskennd staðreynd: Líkt og Wiz Khalifa kemur Mac Miller frá Pittsburgh og eru þeir nánir vinir. Miller hefur látið hafa eftir sér í viðtali að Khalifa sé honum sem bróðir innan tónlistarbransans.

f 2.497.567
t 2.225.941



M83

Uppruni: Antibes, Frakkland.
Starfandi frá: 2001.

Dú ættir að þekkja þá vegna þess að... þeir eiga lagið Midnight City sem hefur notið vinsælda að undanförmu.

Ekki missa af þeim vegna þess að... nýjasta plata hljómsveitarinnar, Hurry Up, We're Dreaming, sem kom út síðastliðið haust, þykir sú besta til þessa af sex breiðskífum svo ljóst er að sveitin er í banastuði.

Ein handahófskennd staðreynd: Lagið Midnight City var valið lag ársins af hinni vinsælu tónlistarsíðu Pitchfork.

f 419.770
t 26.188



THE ROOTS

Uppruni: Philadelphia, Bandaríkin.
Starfandi frá: 1987.

Dú ættir að þekkja þá vegna þess að... sveitin hefur verið eitt flottasta tónleikaband innan hip hop-geirans síðastliðinn áratug og áttu þeir lagið Seed 2.0 sem naut mikilla vinsælda árið 2002.

Ekki missa af þeim vegna þess að... hljómsveitin túrar æ sjaldnar um Evrópu með árunum og tónleikar sveitarinnar á Hrórarskeldu verða þeir einu á Norðurlöndunum í sumar.

Ein handahófskennd staðreynd: Hljómsveitin starfar í háverkum sem húsbandið í spjallþættinum Late Night with Jimmy Fallon, sem Of Monsters and Men fóru einmitt á kostum í um daginn.

f 496.276
t 37.774



JANELLE MONÁE

Uppruni: Kansas City, Bandaríkin.
Starfandi frá: 2003.

Dú ættir að þekkja hana vegna þess að... hún söng með hljómsveitinni Fun í laginu We Are Young.

Ekki missa af henni vegna þess að... hér gæti verið á ferðinni stærsta stóra nafnið í R'n'B-heiminum. Breiðskífa hennar árið 2010 fékk tilnefningu til Grammy-verðlauna, í aðallagi söngkonunnar á YouTube, Tightrope, rappar Big Boi úr OutKast auk þess sem hún er á mála hjá plötuútgáfu P. Diddy.

Ein handahófskennd staðreynd: Janelle Monáe segir að persónan Dórothea í Galdrakarlinum í Oz sé á meðal áhrifavaldra hennar í tónlist.

f 140.943
t 273.159



Krosslagðir fingur fyrir Björk

Sómi Íslands, sverð og skjöldur í tónlistarbransanum, Björk Guðmundsdóttir, er eitt af stærstu nöfnunum á Hróarskeldu þetta árið. Söngkonan sífrumlega kom fram á hátíðinni árið 2003 og 2007 en eins og flestir tónlistarunnendur vita hefur söngkonan fylgt eftir hinu framúrsteftulega verki sínu, Bíófilía, út um allan heim síðastliðin misseri. Að undanfögnu hafa hnúðar á raddböndum plagað Björk með þeim afleiðingum að hún hefur neyðst til að aflýsa tónleikum á hátíðum í sumar, til dæmis í Ungverjalandi, Portúgal og á Spáni. Fyrir skemmstu greindi danska dagblaðið Berlingske frá því að mikil óvissa væri um hvort Björk sæi sér fært að koma fram á Hróarskeldu eftir allt en fáeinum dögum seinna sendi hún sjálf frá sér fréttatilkynningu þar sem hún baðst afsökunar á því að hafa þurft að aflýsa fyrrnefndum tónleikum en sagðist jafnframt bjartsýn á að geta sungið aftur um miðjan júní, sem sagt í tæka tíð fyrir herlegheitin í Hróarskeldu.

BJÖRK
 Uppruni: Reykjavík, Ísland.
 Starfandi frá: 1977.
 f 2.197.264
 t 304.395



Frægasta bassa-stef heims?

Jack White er líklega höfundur frægasta bassastef þessa árpúsunds en hann samdi lagið Seven Nation Army sem gerði allt vitlaust árið 2003. Sumir tónlistarspekúlantar hafa viljað titla hann sem einn mikilvægasta tónlistarmann síðasta áratugar en hann þykir hafa endurvakið klassíska rokkhljóminn til lífsins. Eins og flestum er kunnugt gerði White garðinn frægan með dúettinum White Stripes, sem meðal annars tróð upp í Laugardalshöll árið 2005, en sveitin lagði þó upp laupana á síðasta ári. Rokkarinn hefur einnig starfrækt hljómsveitirnar The Raconteurs og The Dead Weather en fyrir mánuði síðan gaf hann út sína fyrstu sólóplötu sem hann fylgir eftir í sumar, meðal annars með viðkomu á Hróarskeldu.

JACK WHITE
 Uppruni: Detroit, Bandaríkin.
 Starfandi frá: 1990.
 f 398.836
 t 34.973



Ungur, villtur og frjáls

Óhætt er að fullyrða að allt Sjáland eigi eftir að skjálfa þegar Wiz Khalifa træður upp á Hróarskelduhátíðinni í júlí en lag hans og Snoop Doog ásamt Bruno Mars, Young, Wild and Free, hefur vægast sagt notið vinsælda hérlendis sem um heim allan á vordögum. Þessi 24 ára gamli töffari hlaut heimsfrægð fyrir lagið Black & Yellow en lagið er óður til ruðningsliðsins Pittsburgh Steelers, sem er uppáhaldslið Khalifa í NFL-deildinni. Frægðarsól rapparans reis enn hærra þegar hann hóf samband við fyrirsætuna Amber Rose, sem áður var kærasta Kanye West, en turtildúfurnar trúlofuðu sig þann 1. mars síðastliðinn.

WIZ KHALIFA
 Uppruni: Pittsburgh, Bandaríkin.
 Starfandi frá: 2005.
 f 15.557.210
 t 6.019.820



Upphafsmáður „goth-tískunnar“?

Breska rokkveitin The Cure er án efa ein stærsta hljómsveitin sem spratt fram með hinni svokölluðu nýbylgju sem varð til eftir pönktímabilið. Aðalvítaminsprautu hljómsveitarinnar og raunar eini meðlimurinn sem hefur haldist í bandinu frá stofnun, Robert Smith, er trúlega einn af sérstæðari karakterum rokksögunnar en hann er frægastur fyrir einkennandi söngstíl sinn og einstakt útlit. Smith hóf snemma að mála sig um augun, setja á sig varalit og greiða hárið út í allar áttir og í gegnum tíðina hafa sumir eignað honum og Cure-mönnum heiðurinn að klæða- og tískustil „gothara“ en sjálfur gefur hann lítið fyrir það.

THE CURE
 Uppruni: Crawley, England.
 Starfandi frá: 1976.
 f 4.114.057
 t 29.580



MONITOR

Langar þig frítt á Hróarskeldu?

Monitor og Roskilde Festival ætla að bjóða tveimur heppnum á Hróarskelduhátíðina í ár. Það eina sem þú þarft að gera til að taka þátt er að senda okkur mynd af þér og einum vini þínum á roskilde@monitor.is og þar með ferð þú í pott sem dregið verður úr þann 30. maí næstkomandi. Mundu eftir að láta símanúmerið fylgja með póstinum!



FULLTRÚAR ÍSLANDS Í ÁR

Ásamt Björk verða hljómsveitirnar **Dead Skeletons** og **Ghostigital** fulltrúar Íslands Hróarskeldu í ár auk þess sem sveitin **Kúra** inniheldur íslenska söngkonu, **Fanneiju Ósk Þórisdóttur**, og Íslendingurinn **Árni Hjörvar** Arnason plokkar bassann í bresku hljómsveitinni The Vaccines, sem einnig tróða upp á hátíðinni.



2002

KELLY CLARKSON

1. sería

Fædd: 24. apríl 1982.

Andstæðingur í úrslitum: Justin Guarini.

Fyrsta og skærasta stjarnan

Þessi fyrsti sigurvegari American Idol er óneitanlega jafnframt sá frægasti og farsælasti. Á þeim áratug sem liðinn er frá sigri hennar hefur hún selt rúmlega 23 milljónir um heim allan ásamt því að vinna til tvenna Grammy-verðlauna, þrenna MTV-tónlistarverðlauna og 12 Billboard-verðlauna, svo eitthvað sé nefnt.

Á sölulista Billboard er hún í 14. sæti yfir söluhæstu listamenn síðasta áratugar.

Fyrsta platan hennar, Thankful, náði efsta sæti á Billboard 200 en hún innihélt meðal annars lagið The Trouble With Love Is, sem er á meðal hennar frægari laga, auk þess sem hún seldist í tæplega þremur milljónum eintaka.

Á jóladag árið 2003 keppti Clarkson í fyrstu og einu World Idol keppninni þar sem hún atti kappi við sigurvegara Idol-keppna í tíu öðrum löndum, þar á meðal Will Young. Það var hins vegar Norðmaðurinn Kurt Nilsen sem stóð uppi sem sigurvegari keppninnar en Clarkson lenti í öðru sæti.

Árið 2004 gaf Kelly Clarkson út sína aðra plötu, Breakaway, og tókst „hið ómögulega“ með því að ná betri söluárangri með plötu tvö heldur en þeirri fyrst. Platan seldist í 12 milljónum eintaka um heim allan, náði sexfaldri platinumsölu í Bandaríkjunum og hristi hún þar með hálfpartinn af sér „Idol-stimpilinn“. Hún hlaut jafnframt tvenn Grammy-verðlaun fyrir plötuna.

Söng þjóðsöng Bandaríkjanna á stærsta íþróttaviðburði hvers árs þar í landi, Superbowl, árið 2011.

Haustið 2011 gaf hún út plötuna Stronger, sem er jafnframt hennar fimmta breiðskífa, en titillag plötunnar fékk til dæmis mikla spilun hér í landi, líkt og í öðrum heimshornum.

Fann ástina í WalMart

Ruben Studdard gekk virkilega vel með fyrstu plötu sína, Soulful. Fyrsta smáskífan, sem var tökulagið Flying Without Wings sem Westlife gerðu frægt, komst í 2. sæti á Billboard Hot 100 auk þess sem platan náði platinumsölu í Bandaríkjunum, það er seldist í rúmlega milljón eintökum og komst á toppinn á Billboard 200. Á plötunni var einnig lagið Sorry 2004 sem gjarnan ómaði á PoppTívi hérlendis.

Líkt og þekkt er í tónlistarheiminum fékk önnur plata Ruben, gospelplatan I Need an Angel ekki alveg jafngóðar viðtökur og sú fyrri en seldist þó í yfir hálfri milljón eintaka. Ári eftir útgáfu hennar, eða 2005, höfðaði Ruben mál gegn guðföður sínum og viðskiptaráðgjafa fyrir að hafa dregið til sín fjármuni frá reikningum hans. Málið var dæmt Ruben Studdard í hag.

Þriðja plata kappans, The Return, sem kom út haustið 2006 heppnaðist ekki betur en svo að hann missti plötusamning sinn eftir draema sölu hennar.

Birtist sem hann sjálfur í myndinni Scooby-Doo 2: Monsters Unleashed árið 2004. Auk þess hefur hann leikið í minni myndum, sjónvarpsþáttum og söngleikjum.

Kynntist eiginkonu sinni, Surata McCants, í október 2006 er hann var að árita geisladiska í WalMart í Atlanta en þau skildu síðastliðið haust.

Ruben og Clay Aiken, sem beið lægri hlut gegn honum í úrslitum American Idol, fóru saman í tónleikaferðalag um Bandaríkin árið 2010. Sama ár tilkynnti hann í viðtali að hann hefði misst um 36 kíló frá Idol-sigrinum.

Nýjasta og fimmta breiðskífa hans, sé „Best of-plata“ hans tekin með, kom út í mars síðastliðnum og heitir Letters from Birmingham.

2003



RUBEN STUDDARD

2. sería

Fæddur: 12. september 1978.

Andstæðingur í úrslitum: Clay Aiken.

Skína þær

Í tilefni af því að 11. sería **American Idol** lauk í nótt vestanhafs kannaði **Monitor** hvernig fyrri Idol-stjörnum hefur gengið að fóta sig í heimi stórstjarna eftir sigra sína

2004



FANTASIA BARRINO

3. sería

Fædd: 30. júní 1984.

Vann American Idol árið: 2004.

Andstæðingur í úrslitum: Diana DeGarmo.

Raunveruleikaþáttur og sjálfsvígstílaun

Fyrsta smáskífa Fantasia, I Believe, rataði á toppinn á Billboard Hot 100-listanum. Fyrsta plata hennar, Free Yourself, rataði í áttunda sæti Billboard 200-listans og náði platinumsölu í Bandaríkjunum.

Hún hefur allt í allt gefið út þrjár hljóðversbreiðskífur, verið tilnefnd átta sinnum til Grammy-verðlauna og hreppt slíkt verðlaun sinu sinni.

Hún hefur fengið sinn skerf af dökku hliðum stjörnulífsins en pabbi hennar höfðaði meiðyrðamál gegn henni eftir útgáfu ævisögu hennar auk þess sem hún varð miðpunktur í harðri hjúskapardeilu sem endaði með málaferlum þar sem hún hafði tekið saman við giftan mann. Um það leyti var hún flutt án meðvitundar á sjúkrahús eftir að hafa tekið of stóran skammt af svefnlyfjum sem hún viðurkenndi síðar að hafi verið sjálfsvígstílaun.

VH1 hefur framleitt tvær þáttaraðir af raunveruleikaþáttum um hana sem heita Fantasia for Real.

Aðdáendur Fantasia binda vonir að hún sé komin á beinu brautina á ný en hún vinnu nú að sinni fjórðu breiðskífu.

Drottning kántrítónlistar

Carrie Underwood er líklega farsælasti Idol-sigurvegari fyrir utan Kelly Clarkson. Fyrsta plata hennar, Some Hearts, náði sjöfaldri platinumsölu í Bandaríkjunum og er mest selda plata Idol-sigurvegara frá upphafi.

Önnur og þriðja breiðskífa Underwood náðu þrefaldri og tvöfaldri platinumsölu innan Bandaríkjanna og fjórða plata hennar kom út í byrjun þessa mánaðar.

Söngkonan hefur sópað að sér verðlaunum frá sigrinum mikla. Þar á meðal hefur hún unnið fimm Grammy-verðlaun, sextán Billboard-verðlaun og sex sinnum hefur hún unnið Amerísku tónlistarverðlaunin.

Hún hefur tvívegis verið valin kynþokkafyllsta vegan-grænmetisæta heims af PETA. Chris Martin hefur fengið sömu útnefningu.

Hún giftist hokkíleikmanninum Mike Fisher sumarið 2010, á meðal gesta í brúðkaupinu voru Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson. Áður hafði hún verið með leikaranum Chace Crawford sem leikur Nate í Gossip Girl.

Fyrir á þessu ári var hún útnefnd „ríkjandi drottning kántrítónlistarinnar“ af Billboard.

2005



CARRIE UNDERWOOD

4. sería

Fædd: 10. mars 1983.

Andstæðingur í úrslitum: Bo Bice.

2006



TAYLOR HICKS

5. sería

Fæddur: 7. október 1976.

Andstæðingur í úrslitum: Katharine McPhee.

Fór út í veitingastaðarekstur

Áður en Taylor Hicks vann American Idol hafði hann gefið út fáeinir plötur. Fyrsta plata hans eftir sigurinn mikla var samnefnd plata sem innihélt smáskífuna „Do I Make You Proud“ sem fór beint í fyrsta sæti á Billboard Hot 100-listanum. Þó svo að platan hafi náð platinumsölu innan Bandaríkjanna er hún samt ein af minnst seldu frumraunarplötum sigurvegara frá American Idol frá upphafi.

Hann gaf út æviminningabókina Heart Full of Soul: An Inspirational Memoir About Finding Your Voice and Finding Your Way árið 2007 og fékk að sögn greidda 750 þúsund dollara fyrir.

Hann tók þátt í uppsetningu á hinum ódauðlega söngleik Grease á Broadway árið 2008. Þar fór hann með hlutverk „Teen Angel“.

Að lokinni útgáfu á fyrstu plötunni eftir Idol-sigurinn missti Hicks plötusamning sinn og gaf því út sína aðra breiðskífu (eftir sigurinn) hjá eigin plötuútgáfu árið 2009. Samkvæmt skráum Billboard er platan „aðeins“ sögð hafa selst í 52 þúsund eintökum.

Hann opnaði sinn eigin eigin veitingastað, ORE Drink and Dine, í heimaborg sinni árið 2011.

enn jafn skært?



2007



JORDIN SPARKS

6. sería
Fæddur: 22. desember 1989.
Andstæðingur í úrslitum: Blake Lewis.

Eigin fatalína og eigin ilmvötn

Jordin Sparks varð yngsti sigurvegari American Idol þegar hún bar sigurorð af Blake Lewis.

Fyrsta plata hennar, sem heitir einfaldlega Jordin Sparks, náði platinumsölu og innihélt meðal annars lagið No Air sem hún söng á móti Chris Brown.

Hún söng þjóðsöng Bandaríkjanna fyrir stærsta íþróttaviðburð ársins þar í landið árið 2008, Superbowl XLII.

Hún hefur hannað eigin fatalínu ásamt því að gefa út tvö ilmvötn undir eigin nafni.

Hún gaf út sína aðra plötu, Battlefield, árið 2009 sem náði þó ekki jafnháu flugi og frumraunin.

Hún leikur í söngleikjamyndinni Sparkle sem kemur út á árinu en Whitney Houston heitin fer með aðalhlutverk í myndinni.

Hún á nú í ástarsambandi með Jason Derulo og vinnur að sinni þriðju breiðskífu.

Fékk skósamning að launum

Viku eftir að David vann American Idol sló hann met á Billboard Hot 100-listanum þegar finna mátti ellefu lög með honum þar.

Eftir sigurinn skrifaði hann undir samning við skóframleiðandann Skechers.

Fyrsta breiðskífa hans, sem hét David Cook, kom út haustið 2008 og náði platinumsölu.

Árið 2008 stofnaði hann til sambands við Kimberly Caldwell nokkra sem gerði garðinn frægan í 2. seríu American Idol. Sambandi þeirra lauk síðar það ár.

Árið 2009 féll bróðir hans frá vegna heilæxlis og síðan þá hefur David Cook verið iðinn við að vekja athygli á styrktarsjóðum og baráttunni við krabbamein.

2008



DAVID COOK

7. sería
Fæddur: 20. desember 1982.
Andstæðingur í úrslitum: David Archuleta.

2009



KRIS ALLEN

8. sería
Fæddur: 21. júní 1985.
Andstæðingur í úrslitum: Adam Lambert.

Sykursæti upphitarinn

Kris Allen varð fyrsti gifti maðurinn til að vinna American Idol þegar hann vann árið 2009 en hann giftist æskuástinni ári fyrr.

Líkt og hjá mörgum fyrirrennrum sínum hét fyrsta plata Kris Allen eftir honum sjálfum. Í fyrstu vikunni seldist platan aðeins í 80 þúsund eintökum sem þá voru lægstu sölutölur í fyrstu viku hjá nokkrum sigurvegaram American Idol. Platan seldist alls í rúmlega 300 þúsund eintökum og náði því ekki gullsölu.

Sumarið 2010 túraði hann um Bandaríkin sem upphitaratriði fyrir Maroon 5 og Keith Urban og hann hefur einnig farið í tónleikaferðalag með OneRepublic og Daughtry, sem einnig keppti í Idol.

Verst selda „American Idol-platan“

Þegar Lee DeWyze vann níundu seríu American Idol hafði hann þá þegar gefið út tvær plötur á eigin vegum sem þó sköpuðu honum litla frægð.

Frumraunarplata hans eftir sigurinn, breiðskífan Live It Up, ber þann óspennandi titil að vera sú frumraunarplata American Idol-stjörnu sem seldst hefur verst allra.

DeWyze missti samning sinn við plötuútgáfufyrirtækið sem hann var á mála hjá eftir sölnuna dræmu.

Hann er trúlofaður fyrirsætu og leikkonu að nafni Jonna Walsh sem lék til dæmis í myndinni Faster á móti Duane Johnson, áður þekktur sem The Rock.

2010



LEE DEWYZE

9. sería
Fæddur: 2. apríl 1986.
Andstæðingur í úrslitum: Crystal Bowersox.

2011



SCOTTY MCCREERY

10. sería
Fæddur: 9. október 1993.
Andstæðingur í úrslitum: Lauren Alaina.

Fer í háskóla í haust

Scotty McCreery reif upp heiður Idol-stjarnanna á ný með öflugri plötuútgáfu beint eftir sigurinn í fyrra. Platan hans, Clear as Day, seldist í 197 þúsund eintökum í fyrstu vikunni, náði platinumsölu í heildina auk þess sem hún rataði í efsta sætið á plötusölu-listanum Billboard 200. McCreery varð þar með fyrsti Idol-sigurvegarinn til að ná plötu í toppsæti listans síðan Ruben Studdard náði því.

Túraði um Bandaríkin sumarið 2011 með kántrítónlistarmanninum Brad Paisley.

Hann mun hefja skólagöngu í North Carolina-háskólanum næsta haust sem verður eflaust athyglisvert að fylgjast með, enda Idol-stjarnan ansi upptekinn.

2012

Hver er ellefta stjarnan?

Úrslitin í 11. seríu American Idol voru tilkynnt í gærnótt en þá áttust þau Phillip Phillips og Jessica Sanchez við í úrslitabættinum. Úrslitin um næstu Idol-stjörnu lágu þó fyrir áður en Monitor fór í prentun og er áhugasömum bent á opinberu heimasíðuna, americanidol.com





www.dominos.is sími 58·12345

MEGAVIKA

ALLAR MATSEÐILS PIZZUR Á

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.

Vikuna 21.-27. maí 2012



Íslendingar *eru betri í tísku* **en fótbolta**



Guðmundur Hallgrímsson, betur þekktur sem Mundi, hefur náð ótrúlegum árangri sem fatahönnuður þrátt fyrir ungan aldur. Í dag selur hann fót til fjölda landa, vinnur að sinni þrettánda fatalínu og vekur athygli fyrir frumleika hvert sem hann fer. Monitor ræddi við Munda um hvernig hann datt óvart inn í bransann, um tískudívur, stuttmyndir og listamannalaun.

Texti: Þórhildur Þorkelsdóttir thorhildur@monitor.is
Myndir: Styrmir Kári Erwinsson styrmirkari@mbl.is

Hvers vegna ákvaðst þú að leggja fatahönnun fyrir þig? Ég vissi ekki neitt um fatahönnun en var búinn að vera í grafískri hönnun í nokkurn tíma. Mér datt í hug að prófa að búa til peysu með geimfaramynstri sem ég hafði hannað. Það var miklu auðveldara en ég hélt og ég hafði rosalega gaman af því hvað þetta var veglegur gripur sem ég hafði búið til. Ég hugsaði með mér að kannski gæti ég bara selt þessar peysur. Ég hafði heyrt að Kronkron væri kúl búið, svo ég fór þangað og spurði hvort þau væru nokkuð til í að selja peysurnar fyrir mig. Þannig varð ég fyrsti íslenski hönnuðurinn sem Kronkron tók inn. Reyndar voru peysurnar alveg rosalega dýrar í framleiðslu. Á endanum voru þær næstum dýrustu flíkurnar í búðinni og fólk tók þessu því af mikilli alvöru strax frá byrjun. Það þótti mér mjög skemmtilegt.

Það mætti því segja að þú hafir næstum því óvart orðið fatahönnuður. Hvað langaði þig að verða þegar þú varst krakki? Listamaður. Það var það eina sem ég ætlaði mér að verða. Ég var alltaf að teikna og var alltaf bestur í því, ég var eiginlega teiknandi áður en ég byrjaði að tala. Mamma gat tekið mig með hvert sem var, bara ef ég hafði blað og liti þá sat ég bara sallarólegur og teiknaði tímunum saman. Ég var náttúrulega frekar mikið frík sko.

Hvað ertu að selja fötin þín í mörgum löndum? Eins og er eru þau til sölu í Þýskalandi, Kína, Kóreu, Japan, New York, Kanada og Kaupmannahöfn. Annars er það mjög misjafnt og fer í raun bara eftir hvernig hver lína leggst í fólk sem kaupir inn fyrir búðirnar.

Ertu með mikið af fólk í vinnu? Hvað gerir það? Það er svona upp og ofan en yfirleitt eru það í kringum tíu manns. Við erum kannski svona sjö núna. Maður verður að hafa gott fólk þegar þetta er orðið stærra en þú ræður við sjálfur. Það þarf að sjá um markaðsmál, pressu, framleiðslu, bókhald, saumastofuna og svo þarf líka tengiliði í útlöndum. Stundum er allt svo kreisi að mér finnst mér eins og stúdíóið mitt sé einhver félagsmiðstöð.

Ísland er lítið og það er erfitt að lifa á listinni. Er hægt að vera fatahönnuður í fullu starfi hérlendis án þess að leita út fyrir landsteinana líkt og þú sjálfur? Það fer algjörlega eftir stærðargráðunni sem þú sækist eftir. Það er fullt af þekktum merkjum hérna sem hægt er að vinna fyrir eins og t.d. Nikita. Það er mjög mikill misskilningur að allir fatahönnuðir eigi sitt eigið merki. Svo er líka hægt að vera með eitthvað lítið og krúttlegt, þar sem þú framleiðir í litlu upplagi hérna heima eða saumar sjálfur, þá þarftu ekki að vera að vesenast með að fjármagna þetta upp á eigin spýtur eins og ég hef mikið þurft að gera. Fatalínur eins og við sjáum t.d. á Reykjavík Fashion Festival eru sjúklega dýrar. Ég mæli ekki með slíku nema þú hafir einhverntíð að sponsa þig, þetta er gríðarlega umfangsmikill business og stórar upphæðir sem um ræðir.

Það er oft talað um að tiskan fari í hringi. Finnst þér þú vera í sífelldu kapphlaupi við tímarn? Heldur betur. Maður þarf að vera að sýna nýjar fatalínur hægri vinstri. A.m.k. tvær og helst

fjórar á ári. Því fleiri fatalínur sem þú getur sett á markað því betra. Stóru hönnunarhúsin eru alveg með átta línur á ári. Þú ert varla búinn að sýna þá nýjustu þegar þú þarft að vera byrjaður á næstu og það þarf allt að vera tilbúið innan ákveðins ramma. Tempóið er hratt og pressan mikil. Maður er alltaf í kapphlaupi við tímarn og það er enginn pásar. Tískuvikurnar eru líka allan ársins hring um allan heim. Ef þú ert frægur bloggari eða tískublaðamaður þá býrðu bara á hótélherbergjum. Það er eiginlega eins og að vera á endalausum hljómsveitartúr.

Þú gengur undir gælunafninu Mundi vondi. Hvaðan kemur það? Ertu svona vondur? Þetta er versta spurning sem ég fæ. Sko, þetta byrjaði allt þegar ég var í Listaháskólanum og MySpace var upp á sitt besta fyrir nokkrum árum. Þar hét ég Mundi vondi í einhverju gríni og fólk fannst það fyndið. Svo bara festist það svona rosalega við mig. Reyndar kom svo einn danskur fréttamaður með ansi góðan vinkil á þetta. Hann fann út að Mundi þýðir heimur á latínu og túlkaði nafnið mitt sem sagt sem Vondur heimur. Ég er alls ekki vondur, enda held ég að allir sem þekkja mig skynji kaldhæðnina í þessu nafni sem fylgir mér.

Nú hefur mamma þín mikið hjálpað þér með fyrirtækið. Værir þú þar sem þú ert í dag án hennar? Nei. Það er ekki nokkur spurning. Við byrjuðum fyrirtækið saman og hún á alveg jafn mikið í þessu og ég. Mig langaði til að gera þetta og hún hafði tröllatru á mér. Hún er algjörlega mín stoð og stytta og þetta væri ekkert án hennar.

Þú ert nú ekki beinlínis „Vogue týpan“. Finnst þér það hafa hjálpað þér að komast áfram í þessum bransa að skera þig úr? Já algjörlega. Það eru aðeins of myndar týpur sem láta lífið snúast um að vera einhverjar yfirborðsfullar fasjóndívur. Það græðir enginn neitt á að taka sig of alvarlega, það er bara hallærislegt.

Sýningarnar þínar eru allt annað en venjulegar tískusýningar. T.d. má nefna snjóvél í aðalhlutverki, einstaklinga með downs-heilkenni sem ganga sýningarpallana, sýningu í köldum bílastæðakjallara og fleira. Finnst þér þú alltaf þurfa að toppa þig? Auðvitað langar mann alltaf að toppa það sem maður gerði síðast. Samt er það kannski ekki endilega spurning um að toppa það, meira kannski að reyna að koma með eitthvað annað og nýtt sem virkar. Núna finnst mér eins og ég sé alltaf að toppa mig með því að halda áfram með þetta, ef manni tekst að koma alltaf með eitthvað nýtt og öðruvísi er það ákveðinn toppur hverju sinni.

Þú talar um að fyrsta sýningin þín sitji mikið í þér, hvers vegna er það? Þetta var langstærsti

viðburður sem ég hafði nokkurn tímann tekið þátt í, hvað þá haldið sjálfur. Sýningin er ennþá í rosalega miklu upphaldi hjá mér. Sú staðreynd að hún hafi orðið að veruleika og heppnast svona vel er í raun ótrúlega surrealistískt í mínum huga. Ég náði að redda Loftkastalanum ókeypis, það kom sér mjög vel þar sem ég átti náttúrulega ekki krónu. Þetta var fyrsta sýningin mín og það kom hátt í 500 manns á hana, ég bjóst aldrei við svona svakalegru mætingu. Hún heppnaðist framar öllum vonum og þetta var rosaleg hvatning fyrir mig til að halda áfram að hanna fót. Þetta var byrjunin á ferlinum og ég hugsa oft út í þetta kvöld þegar ég er spurður út í hvers vegna ég er að þessu. Svo finnst mér sú sýning eiginlega það besta sem ég hef gert, svona konseptlega séð. Módelin gengu eftir salnum og enduðu öll í hrúgu hvert ofan á öðru í enda salarins. Ég vorkenni alltaf grey-stelpunni sem var neðst.

Maður heyrir mjög misjafnar sögur af heimi tískunnar, er hann eins slæmur og látið er af? Það eru vissulega rotin epli í öllum brönsum og tískubransinn er kannski að vissu leyti extra-slæmur. Það eru mörg dæmi um fólk sem fer illa útúr honum, bæði fjárhagslega og andlega. Ég held mig mest í kringum rétta fólk sem veit út á hvað mitt merki gengur þannig að ég upplif þann kannski ekkert mjög slæman. Ég tek ekki þátt í að vera einhver tik eða þykja þá eitthvað fínt. En það eru óteljandi atriði sem þarf að endurskoða og reyna að laga í þessum bransa. Ég hef alveg lent í fullt af rosalega steiktum atvikum sem maður vill ekkert vera að tala um.

Hvað finnst þér um tískuheiminn á Íslandi? Er hann sambærilegur þeim erlendu? Það eru mjög spennandi hlutir að gerast í tískuheiminum á Íslandi og mikið af flöttum og frambærilegum upprennandi hönnuðum. Reykjavík Fashion Festival núna í ár hefur líka sannað að það er hægt að taka þessu mjög alvarlega. Það var mjög mikið af mikilvægu fólk innan geirans sem kom á hátíðina og tók þessu af fyllstu alvöru. Það er meira en hægt er að segja um t.d. Rússland og helling af öðrum löndum. Maður hefur ferðast út um

viðan völl og og það eru meira spennandi hlutir að gerast hér á Íslandi heldur en t.d. í Kína og þessum löndum. Ég er ekki að segja að við séum á við New York eða París, en við getum alveg borið okkur saman við fjölda annarra landa og við skörum jafnvel fram úr einhverjum þeirra. Það mætti eiginlega segja að á heimsmeðalvarða séum við Íslendingar fremri í tísku heldur en fótbolta. Við stöndum mjög framarlega í skapandi iðnaði og við verðum að nýta okkur það.

Nú hefur þú líka gert þrjár einhverskonar tískustuttmyndir og vinnur að þeirri fjórðu.

MUNDI
Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 060187.

Uppáhaldsmatur: Gott sushi finnst mér æðislegt, en það er ekki svo oft sem maður kemst í það. Svo eru góðir dumplings líka fáránlega vanfundnir.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Ég á mjög marga upphaldsstaði. Ég vil ekki vera að gera upp á milli þeirra en ætli ég segi ekki bara sumarbústað-urinn minn í Grímsnesinu sem við fjölskyldan eigum. Þar er yndislegt að vera og ég fer mjög oft þangað.



Uppáhalds-fatahönnuður: Bernhard Wilhelm. Hann er líka svo góður gaur.



Versti ótti: Að týna ferðatölvunni minni. Það hefur nefnilega tveimur ferðatölvum verið stolið af mér og það má ekki gerast aftur. Ég átti ekkert bakköpp af því sem fór.



Æskuátrúnaðargóð: Turtles.

1987 Fæðist 6. janúar í Reykjavík.	1993 Hefur grunn-skólagöngu í Hlíðaskóla.	2003 Hefur mennta-skólagöngu í MH.	2004 Fer í keramik-nám í Mynd-listarskóla Reykjavíkur.	2005 Byrjar nám í Grafískri hönnun í Listaháskólanum, aðeins 18 ára.		2005 Byrjar að vinna hjá auglýsingastofu. Hannar í kjölfarið for-síðuna á símaskránni.	2005 Hannar sína fyrstu peysu.		2006 Sendir frá sér sína fyrstu fatalínu undir eigin nafni.	2010 Gerir sína fyrstu stuttmynd og kynnir í henni sumarlinu 2010.
--	---	--	--	--	--	--	--	--	---	--



2012
Kynnir vetrarlinu
fyrir 2012-13 við
góðar undirtektir.
Það er tölfta
fatalína Munda.



2012
Prýðir forsiðu
Monitor þann
24. maí.

viðtalið



Hver er tilgangurinn með þeim? Tvær þeirra voru gerðar í þeim tilgangi að kynna fatalínurnar og skapa í raun einhverskonar draumkenndan ævintýraheim í kringum fatamerkið. Hinar tvær fjalla um allt aðra hluti. Önnur um jólasveina og þessi sem ég vinn að núna fjallar um handbolta.

Ætlar þú að leggja kvikmyndagerðina eitthvað frekar fyrir þig eða er þetta bara áhugamál? Ertu með fleiri járn í eldinum? Ég hef aldrei tekið neinu skapandi sem einhverju hobbyi, það sem ég tek mér fyrir hendur vil ég bara gera vel. Núna langar mig að gera kvikmynd í fullri lengd og er aðeins byrjaður að vinna að því. Ég er ekki að segja að ég ætli að færa mig frá tískunni út í kvikmynda-gerð en ég hef mikinn áhuga á þessu og hef náð að láta þetta virka saman. Ég finn mig vel í hvoru tveggja og finnst þetta spennandi og skemmtilegt.

Ertu hissa á velgengninni? Stundum. Þegar einhver kraftaverk gerast þá er maður náttúrulega hissa. En ég er alveg búinn að strita fyrir þessu. Þetta er rosaleg vinna. Maður er bæði oft hissa og líka bara ánægður með afrekin og árangurinn sem er verðskuldaður. Maður uppsker eins og maður sáir.

Það eru vissulega rotin epli í öllum brönsum og tiskubransinn er kannski að vissu leyti extraslæmur.

Nú hafa listamannalaun mikið verið í umræðunni. Hver er þín skoðun á þeim? Listamannalaun eru í finu lagi og mér finnst eins og það ættu að vera hönnunarlaun líka. Reyndar held ég að það væri alveg spurning um að gefa fleiri af upprennandi listamönnum þessa peninga frekar en einhverjum þekktum nöfnum. Það er nefnilega oftast en ekki þannig að að þeir sem fá launin eru kannski þekktustu listamennirnir sem maður myndi halda að ættu mestan möguleika á að lifa á þessu. Samt eru það kannski stundum líka frábærir listamenn sem eru að gera list sem er ekki hægt að græða peninga á, og þ.a.l. er þess virði að halda þeim gangandi. Fyrir utan að það er ekki eins og það sé eitthvað mikill peningur sem er verið að dæla í þetta. Úthlutun á mann er oft minni en atvinnuleysisbætur. Ég er alltaf virkilega spenntur að sjá hverjum er úthlutað listamannalaunum ár hvert, enda þekki ég flest þetta fólk og það á þetta allt mjög vel skilið.

Hvar verður Mundi eftir tíu ár? Ég verð ennþá að vinna í merkinu mínu en vonandi verður það komið á enn meira flug en núna. Ég vil að hlutirnir gangi kannski aðeins meira eins og smurð vél og meiri peningar verði komnir inn. Þetta er nefnilega ennþá algjört basl og mikið hark. Maður þarf alveg að vinna fyrir hverri einustu krónu. En þetta lítur alltaf betur og betur út. En ég ætla ekkert að hætta að hanna fót nema ég neyðist til þess.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Það var London. Á leið frá Hong Kong, á leið frá Shanghai.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég var nú bara að borða á veitingastað áðan í hádeginu og það var Laundromat.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég fór á the Avengers í bíó. Hún var svona eins og við mátti búast, full af sprengingum.



Síðasti hlutur sem ég keypti: Ég keypti ýmislegt í Hong Kong fyrir saumastofuna. Skæri, fætur undir saumavélina og þannig dót. Það er svo miklu ódýrara þar. Svo keypti ég mér bambus teikniborð sem er fánlega nett.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi: Ég er búinn að vera að byggja sturtuklefa í stúdíóinu mínu því ég ætla að flytja þangað inn og sturtu var ábótavant. Þar var smíðaður veggur, pipulagt og ég veit ekki hvað og hvað.


Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég geri það nú svo oft. Ætli það hafi ekki bara verið um helgina á Listahátíð. Þar gekk ég á milli allra og sagði þeim hvað ég elskaði þá mikið. Sérstaklega honum Erling Klingenberg, mér þykir rosalega vænt um hann.



SPENNANDI
NÁM OG ÖFLUGT
FÉLAGSLÍF Í HÁSKÓLA
Í FREMSTU RÖÐ



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2012-2013 er til 5. júní 2012. Móttaka rafræna umsókna er hafin á heimasíðu háskólans, hi.is.

Þórhildur Þorkelsdóttir
thorhildur@monitor.is



FÍNASTA FÍNT

Það kemur fyrir að maður verði að eignast fót, þessi jakkaföt voru dæmi um það. Þau eru orðin tveggja ára og ég hugsa um ný jakkaföt á hverjum degi. Yfirhöfnina gaf mamma mér í jólagjöf um síðustu jól, hún er besti fatahönnuður landsins en aðeins ég fæ að njóta þess, því miður.

ÚT Á LÍFIÐ

Ég geri nú vanalega lítinn greinarmun á því hvort ég sé að fara á djammid eða í kaffi, en ég dró fram efri hlutann af því að þeysan er í stíl sjötta áratugarins og jakkinn er frá þeim tíma og mér finnst alltaf mesti klassinn vera yfir fótum frá því tímabili. Smá klassi á djammnu er góður fyrir alla.

DAGSDAGLEGT

Þessar buxur eru töff og þægilegar, keypti þær í lítilli hönnunarbúð í New York 2006, þar inni var allt svo dýrt að maður varð rangeygður en þessar fann ég úti í horni á hálfvirið. Skyrta kemur með sumarið.

PEYSA: MENDOZA Á BRICK LANE,
JAKKI: HOUSE OF VINTAGE Á BRICK LANE
BUXUR: CHEAP MONDAY ÚR KRONKRON
SKÓR: DR. MARTENS ÚR SPÚÚTNIK

JAKKAFÖT: SONIA RYKIEL ÚR KRONKRON
PEYSA: ZARA,
SKYRTA: KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
SKÓR: KRONKRON
JAKKI: MAMMA HANNAÐI HANN OG SAUMAÐI

BUXUR: VINTAGE MARC JACOBS ÚR BÚÐ Í NEW YORK
SKYRTA: SPÚÚTNIK
SKÓR: DRASLBÚÐ Á OXFORD STREET
TASKA: PORTO BELLO FLÓAMARKAÐURINN Í LONDON

Klassískur stíll með smá-tvist

Alexander Briem er ungur, efnilegur leikari sem mun hefja mastersnám í leiklist við hinn virta Central School of Speech and Drama í London í haust. Auk þess er hann er tískuspekúlant sem á ævintýrlegan fataskáp. **Stíllinn** fékk hann til að setja saman þrjú átfitt fyrir mismunandi tilefni

Hvað ert þú að bralla þessa dagana? Ég er að vinna við alls konar leiklistar- og tólistartengd verkefni. Var að klára tvær smáskífur með B.G. Baarregaard sem koma út í sumar. Hann er með mér í Kanilgenginu og við höldum reglulega skemmtikvöld á Faktorý sem er möst að upplifa, nú síðast fluttum við Lauru Jones og Gavin Herlihy til landsins. Síðan er ég að byrja í einhverju rosalegu útiþreki, útiþjóga og líkamsmeðvitundardæmi sem er fimm daga vikunnar og er með langan bókalista sem ég þarf að ljúka við fyrir haustið.

Spáir þú mikið í tískunni? Mér finnst allavega skipta miklu máli hvað einstaklingar verða sjálfir duglegri og duglegri í að

skapa skemmtilega heild á sig og njóta eigin sköpunar. Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvað fólk leyfir sér og hvað ekki, hvaða hluti af þeim er partur af ákveðnum flórum og hvaða hluti er einlægur.

Hvar verslar þú helst? Spúútnik, Kormákur og Skjöldur, Kronkron, útlönd og mamma eiga allan fataskápin minn.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Klassískur með smá-tvist, eins og Ástríður Viðars orðaði það.

Hefur þú einhverntímann litið til baka og séð eftir að hafa

klæðst einhverju? Nei, mér finnst þróunin eftir að ég fór að vera meðvitaður um hverju ég klæddist alveg ótrúlega skemmtileg. Síðan lenti ég innan ákveðins radiuss fyrir nokkrum árum. Spurning hvenær ég tek aftur á flug.

Er einhver íslenskur karlmaður sem þér finnst bera af í klæðaburði? Ég hef oftast en einu sinni og oftast en tvisvar séð Björn Thors í töff áttíttum. Hann lítur ekki út fyrir að reyna of mikið.


Ef þú myndir vinna í lottó, hvað væri það fyrsta sem þú myndir kaupa? Ný jakkaföt.

Offera
TAKE AWAY TILBOÐ

Eld Smúgjan 562 3838

SUÐURLANDSBRAUT 12 | LAUGAVEGUR 81 | BRAGAGATA 38a

- 1 16" PIZZA með tveimur áleggjum 1895.-
- 2 16" PIZZA & 12" MARGARITA/ HVÍTLAUKSBRÁUÐ með tveimur áleggjum 2495.-
- 3 16" PIZZA & 16" MARGARITA/ HVÍTLAUKSBRÁUÐ af matseðli 3495.-



K100.5
KANINN

SVALI & SVAVAR

ALLA VIRKA

MORGNA KL. 7.00

Tropí

Sláðu á þráðinn í 571 111 eða kíktu á okkur á facebook K 100,5



#svali&svavar

EIN AÐ SKVÍSA
YFIR SIG Í LONDONSÉRHÖNNUÐ GLERAUGU
SEM BLOKKERA SÓLARLJÓSU

Kærkomin tilbreyting frá hversdagsleikanum

Vinkonurnar **Katrín Lilja** og **Lilja Hrönn** eru búsettar í London og halda uppi tískublogginu unicornsforbreakfast.com. Þar fá þær útrás fyrir áhuga sínum á tísku og ljósmyndun, en bloggið samanstendur af átfitt póstum, greinum um búðir, hönnuði og ýmsu öðru tískutengdu.

Hvað hafð þið þekkt lengi?

Við höfum þekkt síðan árið 2005 þannig þetta eru að verða góð 8 ár.

Hvenær kviknaði áhugi ykkar á tísku?

Lilja fékk fyrst áhuga á tísku í menntó. Hún fór meira að þæla í hverju hún var og þótti gaman að fá hrós fyrir einstakan klæðaburð. Katrín fór ekki almennilega að spekulera í tísku fyrr en árið 2008, í raun um sama skeið og tískublogg fóru að láta á sér kræla. Síðan þá spáir hún mikið í fótum, litasamsetningum og hefur sérstaklega gaman af street style bloggum.

Hvers vegna fluttuð þið til London?

Við fluttum báðar því að kærastar okkar búa þar. Þar að auki var þetta spennandi og kærkomin breyting frá hversdagsleikanum á Íslandi. Svo höfðum við báðar verið lengi vel spennar fyrir að mennta okkur erlendis og höfðum oft látið okkur dagdreyma um að flytja saman út fyrir landssteinana.

Hvers vegna ákváðuð þið að byrja að halda úti tískubloggi?

Við höfðum oft talað um að byrja að blogga saman. Eftir að við fluttum út virtist þetta vera fullkominn vettvangur til að skrifa um daglegt líf okkar hérna úti

til að vinir okkar og vandamenn heima gætu fylgst með, í bland við að skrifa um áhugamál okkar, uppáhalds hönnuði og annað sem okkur finnst áhugavert. Auk þess er þetta viss leið til að koma sér á framfæri.

Það eru mjög fallegar myndir sem þrýða bloggið, hver tekur þær?

Katrín tekur allar myndir af okkur á blogginu, nema þegar Lilja þarf að smella af mynd af henni, en Katrín vinnur þær allar. Hún er sjálfærð en var að komast inn í foundation nám í Camberwell College of Arts þar sem hún mun stunda nám við ljósmyndun.

Hvers vegna skrifað þið á ensku en ekki íslensku?

Okkur fannst bloggið vera aðgengilegra fyrir stærri hóp ef það væri á ensku því það býður upp á fleiri lesendur. Vonandi mun það skapa tækifæri fyrir okkur hér í London í framtíðinni.

Mynduð þið segja að það sé erfitt að halda úti svipuðu bloggi á Íslandi?

Að vissu leiti er það auðveldara á Íslandi, það er svo smátt samfélag og síður eru fljótar að berast á milli manna t.d. með Facebook. Úti er þetta viss bransi, fólk vinnur við að blogga og fær borgaði fyrir að skrifa pistla á aðrar stærri síður, halda fyrirlestra og ýmislegt í þeim dúr. Það hefur verið mjög erfitt að láta taka eftir blogginu hérna úti því það er önnur hver manneskja í tísku og listtengdu námi er með blogg. Maður þarf að vera duglegur að lesa önnur blogg, 'tweeta' til bloggara og þeirra sem við erum að skrifa um og reyna þannig að koma sér inn í hringiðuna.

DIMMT EN SAMT
SVO MIKIÐ SUMAR

JÖGER
ferskur jógúrtis

Njóttu gæðanna og bragðsins og kældu þig niður í leiðinni með hollustu.
Joger - hollur og góður og fæst við... Prófuðu bara!

62 hitaálagar / 100g

0% hvítur sykur

0% gervulátt / 100g


minna en 1% fita

lifraenn agavesafi

100% náttúruleg efni

Joger Kringlunni · Joger Smáralind · Joger Borgartúni
Joger Akureyri · Joger Selfossi

AFTUR TIL FORTÍÐAR...
TIL AÐ BJARGA FRAMTÍÐINNI



WILL SMITH
TOMMY LEE JONES
JOSH BROLIN

MIB³

MEN IN BLACK 3

Mix KOMIN Í BÍÓ Í 3D!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ LAUGAR BÍÓ SÁLFRÍÐI EGILSHÖLL

SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL MIB3**
Á NÚMERIÐ **1900**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

**9. HVER
VINNUR!**
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

VILTU
VINNA
MIÐA?

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/MIB3

„Við erum allir vistmenn á Kleppi. Verið svo vinsamlegir að hringja á lögregluna strax.“ **Englar alheimsins (2000)**

Hálendis spjót

NÝTT

Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuduðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

2.690 kr.



LIFE IS BEAUTIFUL



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is



WILL SMITH Í SVÖRTUM FÖTUM

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Men in Black III

Agent J (Will Smith) og K (Tommy Lee Jones) eru mættir aftur. J hefur séð ótal óskiljanlega hluti á 15 ára starfsferli hjá svartklæddu mönnunum, en ekki nokkur skapaður hlutur, ekki einu sinni geimverur, er honum jafn framandi og félaginn hans, hinn síðnugi og fámáli Agent K. Þeir K og J eru sem fyrr uppteknir af því að bjarga veröldinni sem við hin lífum í og þurfa auðvitað að passa sig á því að enginn nema þeir og hitt fólk í svörtu komist að

Leikstjóri: Barry Sonnenfeld.
Aðalhlutverk: Emma Thompson, Josh Brolin, Will Smith, Tommy Lee Jones og Alice Eve.
Lengd: 110 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 7 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó, Egilshöll, Borgarbíó Akureyri og Sambíóin Keflavík.

leyndarmálunum sem þeir hafa komist að. En þegar lífi K er stofnað í hættu, ásamt örlögum jarðarinnar, þarf J að ferðast aftur í tímann og bjarga málunum. J uppgötvar að K hefur haldið ýmsum leyndarmálum alheimsins frá sér; leyndarmálum sem koma upp á yfirboðið þegar hann slæst í lið með yngri útgáfunni af Agent K (Josh Brolin) til að bjarga félagi sínum, stofnuninni og framtíð mannkynsins.

f
Monitor ætlar að gefa miða á **Men in Black**, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladid

VILTU VINNA MIÐA?

Langar þig frítt á Hróarskeldu?

Monitor, Roskilde Festival og Iceland Express ætla að bjóða tveimur heppnum á Hróarskeldu-hátíðina í ár. Það eina sem þú þarft að gera er að senda okkur mynd af þér og einum vini þínum á roskilde@monitor.is fyrir 30. maí og þar með ferð þú í pott sem dregið verður úr. Mundu eftir að láta símanúmer fylgja með póstinum!

MONITOR



KVIKMYND

Mynd sem skilar sínu

Eins og titillinn gefur til kynna þá fjallar The Five-Year Engagement um trúlofun sem dregst fullmikið á langinn. Tom (Jason Segel) er farsæll kokkur á veitingahúsi í San Francisco og Violet (Emily Blunt) er sálfræðinemi sem fær draumastarfið sitt í Michigan. Tom fórnar sér fyrir ástina og flytur með Violet í kuldann og þunglyndið sem verður til þess að Tom líður ömurlega á nýja staðnum á meðan Violet blómstrar í sinni nýju vinnu.



Þó svo að engar glænýjar hugmyndir komi fram er The Five-Year Engagement ágætis skemmtun og mun betri en margar aðrar rómantískar gamanmyndir. Sumt er fundið og annað ekki en jákvæðu punktarnir voru klárlega fleiri en þeir neikvæðu. Hún er reyndar af löng og lopinn var teygður ansi mikið í lokin en það sem gerir hana þökkalega eru skemmtilegar persónur sem lifga upp á söguþráðinn.

Góð fyrir stefnumótið

Jason Segel skrifar handritið ásamt leikstjóra myndarinnar, honum Nicholas Stoller. Margir kannast við Segel úr þáttunum How I Met Your Mother en hann er að verða eina persónan úr þeim þáttum sem hægt er að hlæja að. Segel stendur sig vel og það er eitthvað við hann sem maður filar. Hann er fyndinn og góður höfundur og ekki skemmir fyrir að hann er alltaf með einhvern Star Wars húmor í því sem hann gerir. Emily Blunt er mjög sjarmerandi og ná hún og Segel vel saman sem er algjört lyklatríði í svona myndum. Aðrir leikarar láta lítið fyrir sér fara fyrir utan Rhys Ifans sem er alltaf svalur. Ég mæli eindregið með þessari mynd fyrir þá sem vilja fara á góða deit-mynd. Meira er um faðmlög og kossa en morð og misþyrmingar sem er ágætt svona þegar sólin er byrjuð að skína.



THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT

TÓMAS LEIFSSON

MMMMM



SVARTHÖFÐI.IS ...horfir til framtíðar

Django Unchained

Nýjasta hefndarsagan Tarantino

Þótt Quentin Tarantino eigi enn eftir þum tvo mánuði í tökum á vestrarum sínum, sem hann kys að kalla suða, slógu Weinstein-bræður um sig í Cannes þar sem þeir sýndu sjö mínútna brot úr Django Unchained. Þessar mínútur hafa lítið gert annað en magna enn eftirvæntinguna eftir myndinni. Þeir sem á horfðu virðast flestir yfir sig hrifnir enda benda myndbrotnin til þess að Tarantino sé í toppformi.

Ljóst þykir að Leonardo DiCaprio Lskemmtir sér konunglega í hlutverki aðal illmennisins, plantekrueigandans Calvin Candie. Hann sést brosa ljótu brosi og spreða hínu illræmda n-orði af miklu kappi. Jamie Foxx sýnir einnig hvað í honum býr sem Django þegar hann plaffar niður rasistaskríl. Foxx er sagður í miklum ham í

myndinni og þykir vægast sagt svalur þegar hann kynnir sig gerir hann það með þessum eftirminnilegu orðum: "Django. The D is silent." Jango er semsagt ekkert lamb að leika sér við frekar en nafni hans Fett í Star Wars.

Gamla jaxlinum Franco Nero, sem gerði garðinn frægan í nokkrum Django-myndum fyrir einhverjum áratugum, bregður einnig fyrir og Don Jonson sést gera sig breiðan sem voldugur búgarðseigandi. Christoph Waltz leikur þýskan mannaveiðara sem frelsar þrælinn Django og samþykkir í framhaldinu að hjálpa þrælum að ganga milli bols og höfuðs á DiCaprio og hyski hans til þess að bjarga eiginkonu Django sem Candie heldur fanginni á búgarð sínum. Waltz er sagður minna um margt á nasist-

ann Hans Landa, sem hann lék í Inglorious Basterds og að hann sé allt í senn viðkunn-anlegur, fyndinn og hættulegur.

Myndbrotið bendir til þess að Django Unchained verði eins og sígildur Sergio Leone spagetti-vestri jafnvel þótt hún eigi sér stað í New Orleans og Mississipi tveimur árum fyrir borgarastríðið. Eins og Tarantinos er von og vísa er tónlistarvalið í myndinni útþælt og ljóst að klassíkerar frá mönnum eins og Johnny Cash og James Brown munu hljóma í myndinni.

Heilmikið hefur verið Twittað um sýnis-horníð og þar er meðal annars sagt að í myndinni verði nóg af blóði, mikill hlátur og að allt bendi til þess að Waltz eigi sviðið. Allt sem fyrir augu bar í Cannes er sagt nákvæm-

lega eins og við var að búast frá Tarantino hvað varðar kvikmyndatöku, samtöl og útlit og að svo virtist sem Tarantino væri að gera vestra á sama hátt og hann gerði Kill Bill vol. 1 sem samúrja-mynd.

Leikhópur myndarinnar er gríðarlega Lstór eins og vera ber þegar Tarantino er annars vegar en í þessum vestra teflir hann fram Kerry Washington, Samuel L. Jackson, Walton Goggins, M.C. Gainey, Don Johnson, Tom Savini, Anthony LaPaglia, rapparinn RZA, og að vitaskuld Foxx, DiCaprio, Waltz og Johnson.

Django Unchained verður frumsýnd um jólin.

www.svarthofdi.is

TÖLVULEIKUR





Starhawk

MMMM

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 16+

Útgefandi: Sony Computer

Dómar: Gamespot 7,5 af 10 / IGN 9 af 10 / Eurogamer 7 af 10



Sturlaður stjörnuhaukur

Það er klárt að framleiðendur Starhawk hafa verið á vel þússuðum ballskónum þegar þeir unnu að leiknum, enda lykta hér all af stuði og klárt að markmiðið hefur verið aðeins eitt, að skemmta þeim sem spila.

Hér fara leikmenn í hlutverk málaliðans Emmett Graves, en hann ásamt félaganum þarf að taka á öllu sínu til að berjast við hin illu Outcast kvikindi og að lokum taka niður foringja þeirra. Söguþráðurinn er ekki að fara taka Edduna fyrir handrit, heldur er hann einfaldlega til staðar svo leikmenn kynnist þessum heimi, læri að spila leikinn og undirbúa sig fyrir netspilunina sem er í raun hjarta leiksins. Starhawk er þriðju persónu skotleikur sem inniheldur bæði söguþráð sem 1-2 geta spilað og netspilun þar sem allt að 32 geta spilað saman. Fyrir utan hefðbundna skotleikjaspilun inniheldur leikurinn svokallað „Build & Battle“ kerfi þar sem leikmenn geta hamrað upp byggingar til að bæta varnir og til að fá hin ýmsu vopn og farartæki. Þetta byggingarkerfi gerir leikinn dýpri og er á sama tíma mjög einfalt og skemmtilegt í framkvæmd.

Netspilun Starhawk er einhver sú hraðasta, fjölbreyttasta og skemmtilegasta sem er í boði í dag, en leikmenn þurfa að hafa sig alla við til að bregðast við árásum óvina sem geta komið úr öllum áttum. Hér hjálpar til að stýringar leiksins eru mjög þægilegar sem gerir allan þennan hraða viðráðanlegan og hefur framleiðendum leiksins tekist vel upp með að finna hárrétt jafnvægi í stýringum og spilun leiksins.

Graffikin í Starhawk er ekki sú besta sem sést hefur, en eflaust hefur þar einhverju verið fórnað til að geta keyrt upp hraða leiksins. Tónlistin og hljóð þjóna sínu en eru svo sem ekki að lýsa upp heiminn með gæðum.

Starhawk er leikur að mínu skapi, hér eru öll réttu atriðin dregin fram og undirstrikuð á kostnað annarra sem skipta minna máli þegar kemur að spilun. Niðurstaðan úr því er hraður og skemmtilegur skotleikur sem nær að velja hörðustu skotleikjahausum undir uggum.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON



Háskólinn á Akureyri





Sjálfsstæði - Traust - Framsækni - Jafnrétti

VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- ▶ Hjúkrunarfræði**
- ▶ Iðjubjálfunarfræði*
- ▶ Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
 - M.S. í heilbrigðisvísindum
 - Viðbótarnám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

*Einnig í boði í fjárnámi
**Fjarkennt til Reykjanesbæjar og Ísafjarðar

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- ▶ Félagsvísindi*
- ▶ Fjölmíðlafræði*
- ▶ Kennararfræði* (leik- og grunnskólastig)
- ▶ Lögfræði
- ▶ Núttímafræði*
- ▶ Sálfræði*
- ▶ Heimskautilögfræði L.L.M/M.A.
- ▶ Menntavísindi
 - M.A. í menntavísindum
 - Viðbótarnám í menntavísindum (60 einingar)
- ▶ Menntunarfræði
 - M.Ed. í menntunarfræðum
 - Viðbótarnám í menntunarfræðum (60 einingar)

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- ▶ Líftækni*
- ▶ Sjávarútvegsfræði*
- ▶ Náttúru- og auðlindafræði*
- ▶ Viðskiptafræði*
- ▶ M.S. í auðlindafræði
- ▶ M.S. í viðskiptafræði

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 60 þúsund.

Umsóknarfrestur til 5. júní

www.unak.is



HVAÐ ER TÍTT?

Nöfn: Simmi og Jóli
Á forsiðu: 8. apríl 2010
Fyrirsögn viðtals: Engar beina-grindur í skápnum

Það er allt gott að fréttu. Ásamt því að steikja hamburgara á Fabrikku og útbúa kaffi á Íslensku kaffistofunni erum við einnig orðnir hluthafar í Stórveldinu með honum Huga Halldórssyni, en það er framleiðslufyrirtæki sem framleiðir bara góða sjónvarpsþætti á borð við Týndu Kynslóðina, Ameríska og Evrópska drauminn, Andra-þættina, Gillz-þættina, Framandi, Rikku og svo eru margir skemmtilegir þættir í bígerð sem verða frumsýndir í haust á öllum sjónvarpsstöðvum landsins. Lykillinn í þessu öllu saman er að borða eingöngu hágæða hamburgara, drekka eingöngu hágæða kaffi og síðast en ekki síst að „Haffa-Kamman.“



LOL-MAIL MONITOR

Blessaður Jón, í bak og fyrir

Eiginmaðurinn hafði legið meira og minna í dái í nokkra mánuði fársjúkur en af og til komist til rænu. Eiginkonan var við sjúkrahæð mannsins upp á hvern einasta dag. Dag einn þegar eiginmaðurinn komst til meðvitundar um stund gaf hann konu sinni bendingu um að koma nær sér. Þegar hún hafði sest hjá honum hvíslaði hann að henni tárbotum augum: "Veistu hvað?" "Nei, hvað er það væni minn?" "Þú hefur gengið gegnum öll erfðóleikatímabil lífs míns með mér... Þegar ég var rekinn varstu til staðar að stöðja mig... Þegar atvinnureksturinn misheppnaðist varstu stóð mín og stytta... Þegar var skotið á mig varstu við hliðina á mér... Þegar við töpuðum húsinu varstu hjá mér og þegar heilsan fór að bila varstu enn við hlið mér... Veistu hvað?" "Nei hvað, kæri minn", sagði hún brosandí um leið og hún fann hjarta sitt fyllast hlýju. "Ég held þú færir mér ógæfu..."

Ég skora á vin minn Davíð Oddsson.

Bestu kreppukveður, Sverrir Stormsker

LOKAPRÓFIÐ


24. maí 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti Mummi

Ef ég væri ekki Guðmundur Reynir Gunnarsson myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að Ég þekki Magga Lú

- Um daginn fékk ég A í öllu í Harvard og þá hugsaði ég:
a) „Ei, kommon, ég hélt að einn besti skóli í heimi yrði aðeins meiri áskorun fyrir mig.“
b) „Er ég algjör snillingur?“
c) „Ætli ég hafi verið getinn af heilögum anda? Ég get náttúrulega ekki verið mennskur.“
d) „Flott hjá þér, herra Mummi, nú ertu að uppskera eins og þú sáðir.“
e) Mú kvegg og þannum á hliðina



- Ég gæti aldrei verið án
a) píanósins. Ég er bara svo geggjáður á píanó og ég vil ekki missa niður þann hæfileika.
b) fótboltsins. Ég er svo sturlaður í boltanum og svo finnst mér liðsfélagarnir svo skemmtilegir.
c) skólabókanna. Ég er ekki að þykjast vera eitthvað nettur en ég elska skólann og að fá góðar einkunnir.
d) B5. Ég hata ekki að rulla þar inn og heilsa upp á netta gaura og blikka heitar gellur.
e) Mikunna minnan

- Í mínum huga er stærsta afrekið mitt þegar ég
a) varð semí-dúx í MR, sérstaklega af því að ég mætti ekkert í skólann síðustu önnina.
b) var valinn í fyrsta skiptið í Ólympíu-liðið í stærðfræði. Ég varð fljótt aðalstjarna liðsins.
c) varð Íslandsmeistari í badminton á mínum yngri árum.
d) var valinn besti leikmaður fyrri umferðarinnar í Pepsi-deildinni í fyrra.
e) vann tvöfalt með KR-ingum í fyrra.
f) vann Íslandsmótið í samkvæmisdönsum hér í denn.
g) gaf út plötuna Various Times in Johnny's Life.
h)

- a) Guðmundur Tyrfinngsson ehf., langferðaþjónusta
b) Guðmundur Steingrímsson, pólitikus
c) Guðmundur Kristjánsson, leikmaður Start í Noregi
d) Guðmundur Hult Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handknattleik
e)

af því að hann er þittasta manni sem ég hef séð

- Ástæðan fyrir því að ég er stundum kallaður Gæsi er sú að
a) ég á vin sem er steik og ákvað að taka upp á þessu.
b) ég dýrka að fara í óbyggðirnar og veida þær nokkrar villtar.
c) ég lék knattspyrnu með GAIS í Svíþjóð.
d) ég er eins og gæs.
e) ég elska að fara með aragrúa af stelpum og gæsa einhverja skemmtilega verðandi brúður.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Gæsi

- Uppáhaldsliðsfélaginn minn er
a) Óskar Örn Hauksson.
b) Egill Jónsson.
c) Maggi Lú.
d) Dofri Snorrason
e)

af því að hann er þessi stóri þátturinn

Síðasta sms sem ég fékk var frá Gæsi og í því stóð: Var að hitta Agger hér á hólunum

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa I just met you and she is crazy but here is my number so call me maybe 6621926



VEL GERT

Þórður Þórðarson
Það gleður mig að að sjá þjálfara sem er að þreyta frumraun sína í efstu deild byrja með þeim krafti sem hann og hans lið er að gera. Það hefði verið auðvelt að renna á rassinn í upphafi móts þar sem margir spáðu þeim velgengni þrátt fyrir að liðið

hafi dvalið í 1.deild síðustu ár. 4 sigrar í 4 umferðum á skilið mikið hrós. Guðmundur Benediktsson



ÉG HEF ALDREI

- 1...kunnað að elda. Ég get rétt svo komið mér í gegnum eina soðningu.
2...fyllt bílinn minn af bensíni. Svo lengi sem það eru nokkrir dropar á bílnum og ein kippa aftur í þá er ég sáttur.
3...upplifað draum. Ég hef reyndar fengið martröð og fannst það æðisleg upplifun en ég greindist snemma með svakalegan kæfisvefn og eitthvað rugl þannig að ég næ aldrei djúpsvefni og er alltaf þreyttur.
4...hitt Áka Finnsson sem er kannski ekkert skrytið því eftir nánari athugun og mikla rannsóknvinnu komst ég að því að það er enginn Áki Finnsson til á Íslandi.
5...barnað stelpu. Það hefur aldrei átt við mig.
6...gert broskaril með nefi á samskiptasíðum því það er ómurllegt.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

Jóhann Rúnar, hljóðmaður og gítarleikari í 1860, fílar:

KVIKMYND: Home Alone 1 og 2 eru eftar á listanum. Það eru ekki jól á mínu heimili fyrr en þessar myndir rulla í tækinu.

ÞÁTTUR: Þar sem að ég á ekki sjónvarp og er ekki mikið að hlaða efni af netinu þá verð ég að segja Simpsons. Þeir voru það eina sem héldu RÚV kúl þegar maður var yngri.

BÓK: Ævisaga Anthony Kiedis - Scar Tissue. Ég les ekki mikið en þegar það gerist þá er það aðallega um græjur eða ruglaða tónlistarmenn.

PLATA: Hvemrig er hægt að spurja upptökumann að þessu?! Ég er



sennilega einn af þeim fáu sem kaupir ennþá fullt af geisladiskum á hverju ári. Jesus Christ Bobby með Mínus hafði þó mikil áhrif á mig og var ástæðan fyrir að ég fór að þæla meira í tónlist.

VEFSÍÐA: hugi.is/hljodfaeri Græjufiknin er óstöðvandi og er fátt skemmtilegra en að kaupa og selja drasl í gegnum Huga.

Þar eru menn á öllum aldri sem deila sama sjúkdóm.

STAÐUR: Nýi sófinn heima kemur sterkur inn en annars er alltaf gott að vera á Íslandi. Því meira sem maður ferðast þá kemst maður alltaf meira og meira að því hvað við höfum það gott.

TILBOÐSDAGAR

**Betra
BAK**

Heilsurúm í sérflokki

25% afsláttur

Chiro Deluxe 180 x 200cm
TILBOÐ Kr. 247.425,-
Fullt verð 329.900,-

Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði

8 cm Latex heisluyfirdýna

Eurotop® betur nýttur svefnflötur

5 svæðaskipt gormakerfi

Steyptar kantstyrkingar

Val um 5 liti á botni

Val um 3 gerðir af löppum



12
mánaða
vaxtalaus kjör á
heilsurúmunum
í maí

Nú er tækifærið!

*3,5% lántökugjald.

C&J Platinum 180 x 200cm
TILBOÐ Kr. 164.850,-
Verð áður 219.800,-

25% afsláttur



+TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

Charlotte Julien
Clean your world



C&J stillanlegt 2 x 90 x 200cm
Með Tempur heilsudýnu

20% afsláttur

TILBOÐ Kr. 649.000,- Fullt verð 811.250,-

Ný sending af rúmgöflum
Komdu og skoðuðu úrvalið

20% afsláttur



Felix svefnsófi

TILBOÐ Kr. 368.900,- **20% afsláttur**
Fullt verð 461.125,-

Breidd: 209 cm

Dýpt: 95 cm

Frá vegg: 213 cm

Pokagormadýna: 140x200 cm



**Betra
BAK**

www.betrabak.is

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Vilt þú skapa framtíðina?

Með námi í tölvunarfræði getur þú lært að þróa tölvuleiki og hugbúnað, unnið við rannsóknir á gervigreind og búið til vefi. Námi við tölvunarfræðideild HR er góður undirbúningur fyrir þátttöku í atvinnulífinu og traust undirstaða fyrir framhaldsnám. Kennarar eru í fremstu röð á sínu sviði og taka nemendur þátt í öflugum rannsóknar- og nýsköpunarstarfi í samstarfi við innlendir og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Fríðrik Már Jónsson

- Stúdent frá Verzló 2009
- Tölvunarfræðideild, 2. ár. Tók eina önn í skiptinámi í Kanada
- Áhersla í námi: forritun gagnvirkra vefja, eins og Facebook og Google, verkefnaþróun hugbúnaðar
- Áhugamáli: Borgarskipulag, tónlist og ísbilturar á sunnudögum

Marjan Sirjani

- Dósent í tölvunarfræðideild
- Doktorspróf frá Sharif University of Technology í Tehran í Iran
- Sérsvið: Hugbúnaðarverkfræði
- Situr í fagraði Rannsóknasjóðs Íslands á sviði verkfræði, tæknivísinda og raunvísinda

